

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 2004

15. mars 2004

733

Nr. 268

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis á Grundartanga 1997-2017, ný veglína, Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppum.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis á Grundartanga 1997-2017 frá 18. desember 1996.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýrri veglínu að iðnaðarsvæðinu á Grundartanga frá hringvegi nr. 1 í stað núverandi tengingar. Ný veglína liggur frá hringvegi nr. 1 vestan við bæinn Klafastaði í Skilmannahreppi, þaðan til austurs norðan við lóðir Íslenska járnblendifélagsins og Norðuráls og tengist utan skipulagssvæðisins vegi nr. 47 um Hvalfjörð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefnda Skilmannahrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. mars 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

15. mars 2004

Nr. 269

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Grundartangi, ný veglína, Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppum.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. mars 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.